

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í endurskoðun og reikningsskilum – seinni hluti
13. október 2022
kl. 9:00 – 16:00**

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 110 mín.

Þú stendur frammi fyrir eftirtöldum aðstæðum sem allar eru ótengdar innbyrðis vegna áritunar á ársreikning 2021.

- A. Fyrirtæki A ehf. rekur hótélkeðju á Íslandi. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga.
- Félagið á og rekur átta hótél víðsvegar um landið. Árin 2020 og 2021 reyndust fyrirtækinu erfið vegna heimsfaraldurins Covid-19. Umtalsvert tap var af rekstri félagsins bæði árin. Í lok árs 2021 er lausafjárhlutfall félagsins undir 1,0 og eigið fé er nánast uppurið. Árin fyrir heimsfaraldurinn höfðu einkennst af gífurlegum vexti og voru hótélin fullbókuð á vinsælustu tímabilum ársins. Árið 2022 hefur farið vel af stað og útlit fyrir hagnað á árinu, þá hafa stjórnendur gengið frá samningum um langtímafjármögnun félagsins og áætlanir gera ráð fyrir að í lok árs 2022 verði fjárhagsstaða félagsins komin í jafnvægi.
- Félagið hefur fengið á sig lögsókn vegna krafna um endurgreiðslu fyrirframgreiðslna sem greiddar voru á árinu 2019 til að tryggja bókanir á árunum 2020 og 2021. Um er að ræða fjárhæðir sem eru töluvert yfir mikilvægismörkum sem skilgreind hafa verið vegna endurskoðunarinnar. Mat stjórnenda er að grundvöllur kröfugerða sé ekki sterkur og stangist á við viðskiptakjör keðjunnar sem viðskiptavinir samþykkja við bókun. Mat stjórnenda er að langsótt sé að kröfurnar verði samþykktar fyrir dómstólum. Þetta mat kemur einnig fram í greinargerð lögmannna félagsins sem stjórnendur hafa lagt fram. Stjórnendur hafa hins vegar hug á að leysa málið til þess að tryggja viðskiptahagsmuni til framtíðar og hafa gjaldfært fjárhæð sem þeir telja líklegt að nægi til loka þessum málum með sátt.
- Í skýringu nr. 31 í ársreikningi er gerð viðeigandi grein fyrir þeirri fjárhagslegu óvissu sem félagið stendur frammi fyrir, áætlunum stjórnenda og fyrirliggjandi samningum um fjármögnun félagsins. Í skýringu nr. 32 í ársreikningi er gerð viðeigandi grein fyrir kröfum á hendur félaginu og mati stjórnenda á lyktum málanna. Í skýrslu stjórnar er jafnframt umfjöllun um fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur og óvissu tengda kröfum á hendur félaginu.
- B. Fyrirtæki B ehf. rekur heildsölu á Íslandi. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við lög um ársreikninga.
- Um mitt ár 2021 varst þú ráðinn endurskoðandi fyrirtækisins en ársreikningur 2020 var ekki endurskoðaður. Í tengslum við endurskoðunina hefur þú fylgt ákvæðum ISA 510 og náð að afla viðeigandi endurskoðunargagna til að sannfæra þig um að upphafsstöður séu án verulegra rangfærslna fyrir utan að þú hefur ekki getað aflað viðeigandi gagna tengdum birgðastöðu þann 31. desember 2020 eða í upphafi árs 2021. Þar sem þú varst ekki ráðinn endurskoðandi fyrirtækisins fyrr en um mitt ár 2021 varstu ekki viðstaddur birgðatalningu í lok árs 2020, né var unnt að afla nægjanlegrar vissu með öðrum hætti. Í tengslum við endurskoðunina varst þú viðstaddur birgðatalningu í lok árs 2021 og framkvæmdir viðeigandi endurskoðunaraðgerðir gagnvart birgðum án athugasemda. Birgðir í upphafi og lok árs eru yfir mikilvægismörkum.
- C. Fyrirtæki C ehf. framleiðir íhluti í tölvur og tæknibúnað og er með starfsemi víða um heim. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Félagið er í eigu þriggja einstaklinga sem stofnuðu það í framhaldi af verkefni sem þau unnu tengt verkfræðinámi. Umtalsverður vöxtur hefur verið hjá félaginu síðustu fimm ár ásamt því að dótturfélögum erlendis hefur fjölgað. Þú hefur verið endurskoðandi samstæðunnar í nokkur ár. Samstæðureikningur félagsins inniheldur 20 félög og eru 15 þeirra endurskoðuð af því alþjóðlega neti sem endurskoðunarskrifstofan þín tengist. Hin fimm hafa verið skilgreind óveruleg m.t.t. samstæðunnar við endurskoðun fyrri ára. Þegar drög að samstæðureikningi félagsins fyrir árið 2021 lágu fyrir kom í ljós að á árinu hafa orðið breytingar hvað varðar eitt þessara fimm félaga og telst það nú orðið verulegt m.t.t. samstæðunnar. Nánari skoðun bendir til umtalsverðra viðskipta við tengda aðila auk þess sem verulegur kostnaður er gjaldfærður í félaginu. Stjórnendur höfðu ekki upplýst þig um þessa þróun. Dótturfélagið sem um ræðir er staðsett í landi sem er á lista Ríkisskattstjóra um ríki sem teljast áhættusöm, ósamvinnuþýð eða með annmarka á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Reikningsskil félagsins eru endurskoðuð af þarlandum endurskoðanda sem ekki á í samstarfi við alþjóðlegt endurskoðunarfyrtæki. Þú hefur rætt við stjórnendur samstæðunnar um nauðsynlega aðkomu þína að endurskoðun á félaginu og telur nauðsynlegt að framkvæma eigin gagnaendurskoðun samhliða yfirferð á vinnu endurskoðandans. Stjórnendur telja enga þörf á aðkomu eða yfirferð þinni og benda á umtalsverðan kostnað sem af því hlýst. Þeir benda einnig á að þú hafir fram að þessu ekki metið þörf á sérstakri yfirferð tengt þessu dótturfélagi. Þú hefur reynt að ræða málið við stjórnendur en án árangurs. Þú getur ekki sagt þig frá endurskoðuninni.

D. Fyrirtæki D ehf. er hugbúnaðarfyrirtæki skráð í Kauphöll Íslands. Félagið gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Þú hefur skilgreint lotun tekna og mat viðskiptavildar sem lykilatriðið endurskoðunarinnar (e. Key audit matter). Þessi skilgreining er í samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár.

Engin frávik voru greind við endurskoðun tekna.

Í tengslum við endurskoðunina hafa stjórnendur lagt fram virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar. Niðurstaða prófsins bendir ekki til virðisrýrnunar. Þú hefur fengið verðmatssérfræðinga þína til að yfirfara helstu forsendur prófsins og er niðurstaða þeirra að áætlanir stjórnenda um framtíðarvöxt séu of bjartsýnar auk þess sem afvöxtunarstuðull (WACC) sé vanmetinn. Niðurstaða þín er að viðeigandi sé að færa kr. 500 milljóna virðisrýrnun í ársreikning 2021. Mikilvægismörk við endurskoðunina nema kr. 200 milljónum. Stjórnendur eru ósammála þessu mati og telja ekki ástæðu til að færa virðisrýrnun. Sögulega hafa áætlanir stjórnenda verið bjartsýnar en útreikningar verðmatssérfræðinga í endurskoðunarteyminu í tengslum við endurskoðun fyrri ára hafa ekki leitt til virðisrýrnunar.

Úrlausnarefni:

Fyrir sérhvert tilvik sem lýst er hér að framan:

A. Gerðu grein fyrir því hvaða áritun þú telur við hæfi miðað við ofangreindar forsendur.

B. Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert tilvik samkvæmt niðurstöðu þinni í lið A. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins. Vandaðu vel orðalag áritunarinnar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 95 mín.

Framtíðarfélagið hf. keypti nýlega allt hlutafé í Fortíðarfélaginu hf. Nýja stjórnarmenn Fortíðarfélagsins hf. er farið að gruna að í ársreikningi 2020 sem og drögum að ársreikningi fyrir árið 2021 sé að finna skekkjur. Fortíðarfélagið hf. beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Stjórnarmennirnir leita því til þín um aðstoð sem sérfræðings í reikningshaldi og biðja þig um að fara yfir fyrrnefnd yfirlit. Þú felur aðstoðarmanni þínum að skoða málið. Hann skilar til þín niðurstöðum sem sjá má á fylgiskjali 1. Á fylgiskjali 2 er að finna rekstrarreikning og efnahagsreikning félagsins fyrir árin 2020 og 2019 ásamt drögum að rekstrarreikningi og efnahagsreikningi fyrir árið 2021.

Úrlausnarefni:

- A. Yfirfarðu ábendingar aðstoðarmannsins. Rökstyddu hvaða liði reikningsskilanna þarf að leiðrétta í drögum að rekstrarreikningi og efnahagsreikningi ársins 2021 og eftir atvikum í samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2020.**

Rökstyddu jafnframt hvort leiðrétta þurfi aðra liði en þá sem fram koma í ábendingunum og þú hefur forsendur til að leiðrétta.

Taktu afstöðu til hvers og eins liðar með því að skrifa í reitinn við hlið hverrar ábendingar aðstoðarmannsins. Ef þú telur að um skekkju sé að ræða skaltu gera ráð fyrir því að hún sé veruleg og kalli á leiðréttingu reikningsskilanna. Við rökstuðninginn er ekki nauðsynlegt að vísa til einstakra greina alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

- B. Settu fram leiðrétt drög að rekstrarreikningum og efnahagsreikningum fyrir árið 2021 og ef við á fyrir samanburðarárið 2020. Til einföldunar skaltu sleppa tekjuskattsáhrifum af þeim leiðréttingum sem þú gerir. Sýndu útreikninga eftir því sem við á.**

Svarið í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 3 – 60 mín.

Þú ert að endurskoða reikningsskil líftækni framleiðslufyrirtækisins Biomass hf.

Félagið notar XZ fjárhagsbókhaldskerfi sem þú hefur skilgreint sem flókið kerfi. Þá notar félagið sölu- og launakerfi sem eru með sjálfvirka tengingu við XZ fjárhagsbókhaldskerfið. Félagið er ekki með formlegar eftirlitsaðgerðir til að tryggja réttmæti flutnings gagna úr sölu- og launakerfi en fjármálastjóri segir að það færi ekki fram hjá honum ef flutningur milli kerfa misfærist.

Upplýsingatæknisérfræðingar (IT/UT) eru aðilar að endurskoðunarteyminu.

Við yfirferð á helstu fjárhagsferlum og innra eftirliti hefur þú komið auga á að fjármálastjóri og framkvæmdastjóri eru með víðtækar heimildir til að stofna til kostnaðar, eru með bókunaraðgang að fjárhagsbókhaldi og hafa heimild til að ráðstafa fjármunum.

Helstu niðurstöður IT sérfræðinga eru:

- XZ fjárhagsbókhaldskerfi:
 - Aðgangsstýringar eru vaktaðar og samþykktar af fjármálastjóra.
 - Breytingastjórnun er skráð (e. logged).
- Launakerfi og sölukerfi eru stöðluð (e. off - the shelf) kerfi:
 - IT sérfræðingar hafa ekki athugasemdir við aðgangsstýringar og breytingastjórnun.

Úrlausnarefni:

- A. Sem viðbragð við hættunni á sniðgöngu stjórnenda gagnvart innra eftirliti sbr. ISA 240.32, hefur þú hug á að framkvæma greiningaraðgerðir á öllum færslum félagsins með sérstaka áherslu á aðila með víðtækar heimildir, þ.á.m. fjármálastjóra og framkvæmdastjóra. Rökstyddu til hvaða aðgerða þarf að grípa til að tryggja að aðgerðin uppfylli ákvæði viðeigandi staðla.
- B. Félagið notar aldursgreindan viðskiptamannalista úr XZ fjárhagsbókhaldskerfinu sem grundvöll niðurfærslu viðskiptakrafna. Niðurfærsluhlutfall hefur verið skilgreint fyrir hvern flokk viðskiptakrafna. Fyrir liggur útreikningur á niðurfærslu viðskiptakrafna sem byggður er á framangreindum skilgreiningum. Settu fram áætlun um nauðsynlegar aðgerðir tengdar endurskoðun á niðurfærslu viðskiptakrafna.
- C. Hver yrðu áhrifin á aðgerðir samkvæmt liðum A og B hér að framan ef niðurstaða IT sérfræðinganna varðandi XZ fjárhagsbókhaldskerfið væri á þann veg að aðgangsstýringar séu ekki vaktaðar og samþykktar, breytingastjórnun sé ekki skráð (e. logged) og fjármálastjóri og framkvæmdastjóri væru með mjög víðtækar heimildir í kerfinu, svokallaðan super user / Admin aðgang?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 45 mín.

EK fasteignir ehf. er félag í endurskoðun í umsjón Jóhanns endurskoðanda (e. engagement leader). Um er að ræða fasteignafélag sem á stóra fasteign á höfuðborgarsvæðinu sem er leigð til stórs framleiðslufélags. Sami leigjandi hefur verið að fasteigninni undanfarin ár. Leiga greiðist fyrirfram í upphafi hvers mánaðar.

Félagið hefur verið endurskoðað af Jóhanni í nokkur ár og hafa engar verulegar skekkjur komið upp í endurskoðun síðustu ára. Úrtök hafa verið mjög stór vegna lágra mikilvægismarka sem skilgreind hafa verið við endurskoðunina og hefur verkefnið ekki skilað framlegð síðustu ár. Þóknun vegna verkefnisins byggir á föstu tilboði. Aðrir meðeigendur á stofunni hafa hvatt Jóhann til að segja verkefninu upp.

Stærsti einstaki liðurinn í reikningsskilunum er fasteignin sem er færð á gangvirði. Mat á gangvirði er byggt á líkani um núvirt sjóðsflæði eignarinnar og er háð væntingum stjórnenda. Matið hefur alltaf verið endurskoðað með samanburði við gildandi fasteignamat.

Fjármögnun félagsins er að mestu með langtímalánum frá viðskiptabanka þess með veði í fasteigninni. Bankinn gerir kröfu um að ársreikningur félagsins sé endurskoðaður. Í lánasamningum félagsins er skýr krafa um að veðþekja (veð/stöðu lána) sé ávallt yfir 1,0. Að öðru leyti eru lánin einföld og færð á afskrifuðu kostnaðarverði.

Áhættumat í endurskoðun félagsins hefur hingað til verið nokkuð einfalt. Skilgreindar lykiláhættur (e. significant risks) í verkefninu hafa verið sniðganga stjórnenda á innra eftirliti (e. management override of controls) og tilvist og lotun tekna. Tekjur hafa verið skoðaðar með ítarlegum prófunum á reikningum á árinu (tilvist) og í kringum áramót (lotun) með því að rekja tekjufærslur í leigusamning og greiðslur inn á bankareikning. Einnig hefur verið framkvæmd greiningaraðgerð til að greina hvort það sé verulegt flökt frá fyrra ári.

Mikilvægismörk hafa verið reiknuð sem hlutfall af hagnaði fyrir skatta sem er algeng aðferð þegar um er að ræða félög sem rekin eru í hagnaðarskyni. Drög að ársreikningi félagsins líta svona út:

Efnahagsreikningur:

Eignir

Fjárfestingarfasteign:	1.500.000 þús.
Aðrar skammtímakröfur:	30.000 þús.
Handbært fé:	150.000 þús.

Eigið fé:

Hlutfé:	500 þús.
Lögbundinn varasjóður:	125 þús.
Óráðstafað eigið fé:	300.375 þús.

Skuldir

Langtímalán við banka:	1.100.000 þús.
Næsta árs afborgun langtímalána:	50.000 þús.

Aðrar skammtímaskuldir: 229.000 þús.

Rekstrarreikningur:

Leigutekjur: 140.000 þús.

Rekstrarkostnaður: 30.000 þús.

Vaxtagjöld: 20.000 þús.

Hagnaður fyrir skatta: 90.000 þús.

Þú hefur verið nýlega verið skipaður verkefnastjóri (e. team manager) í verkefninu og vonast Jóhann til að aðkoma þín muni leiða til skýrari tengsla áhættumats við starfsemi félagsins og aukinnar skilvirkni í verkefninu.

Úrlausnarefni:

- A. Farðu yfir áhættumat fyrra árs um lykiláhættur og gerðu tillögur að breytingum ef við á.**
- B. Útskýrðu hvort endurskoðunaraðgerðirnar sem hefur verið lýst hér fyrir ofan séu viðeigandi og ef svo er ekki hverju þú telur að þurfi að breyta.**
- C. Útskýrðu í stuttu máli hvernig væri hægt að bæta skilvirknina í verkefninu án þess að fara á skjön við viðeigandi staðla og reglur.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 5 – 30 mín.

X hf. er óskráð félag sem fer eftir lögum um ársreikninga við gerð reikningsskila sinna. Forsvarsmenn félagsins leita til þín og óska eftir aðstoð þinni sem sérfræðings í reikningshaldi vegna leigusamnings um 500 fermetra verslunarhúsnæði sem félagið gerði í upphafi árs 2021. X hf. er leigutakinn. Verslunarhúsnæðið er í miðborg Reykjavíkur og er nýbyggt. Stjórnendur félagsins vilja ekki færa leigusamninginn í efnahagsreikning komist þeir hjá því, ekki síst vegna þeirra áhrifa sem það myndi hafa á lánaskilmála félagsins en í þeim er að finna ákvæði um að eiginfjárlutfall félagsins megi ekki fara niður fyrir tiltekin mörk.

Eftirfarandi eru helstu skilmálar leigusamningsins:

- a. Leigutími hófst 1. janúar 2021.
- b. Leigusamningurinn er til 8 ára (til ársloka 2028). X hf. er samt heimilt að segja samningnum upp miðað við árslok 2026 og eins er félaginu heimilt að framlengja hann um tvö ár, þ.e. til ársloka 2030.
- c. Tvær leigugreiðslur eru inntar af hendi á hverju ári, þ.e. fyrir næstu sex mánuði. Gjald dagar leigugreiðslna eru 1. janúar og 1. júlí.
- d. Leigugreiðslan 1. janúar 2021 var 10.000.
- e. Leigusamningurinn er verðtryggður með vísitölu. Vísitalan var 100 í upphafi árs 2021, 103 þann 1. júlí og 107 í árslok.
- f. Auk fyrrgreindrar leigugreiðslu skal X hf. í upphafi hvers árs greiða veltutengda leigugreiðslu ef velta félagsins á nýliðnu ári fer umfram tiltekin mörk. Veltutengd árleg leigugreiðsla er reiknuð samkvæmt tiltekinni formúlu og skal aldrei nema hærri fjárhæð en 1.000. Veltutengda greiðslan er ekki verðtryggð. Á árinu 2021 fór velta félagsins yfir mörkin og þurfti X hf. að greiða 500 í upphafi árs 2022 vegna veltu ársins 2021.

Úrlausnarefni:

- A. Rökstyðja hvort mögulegt sé að sleppa því að færa leigusamninginn í efnahagsreikning. (10 mín.)
- B. Útbúa fullnægjandi skýringu eða skýringar um leigusamninginn fyrir ársreikning félagsins fyrir árið 2021. Reikningsár félagsins er almannaksárið. (20 mín.)

Svarið í í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 6 – 50 mín.

Árið 2022

Hlutablef Z hf. voru skráð í Kauphöll í upphafi árs 2022. Félagið beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreiknings. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Samhliða skráningu félagsins voru gerðir kaupréttarsamningar við forstjóra og níu aðra lykilstarfsmenn með fyrirvara um samþykki aðalfundar sem haldinn var 31. mars 2022. Kaupréttaráætlunin var samþykkt á aðalfundinum.

Samkvæmt samningunum má hver fyrrgreindra lykilstarfsmanna kaupa 10.000 hluti í félaginu á genginu tíu á hlut. Samningana er eingöngu hægt að gera upp með afhendingu hluta.

Nýting kaupréttarsamninganna er háð því skilyrði að starfmennirnir verði enn við störf hjá félaginu í lok árs 2025 þegar fullri ávinnslu kaupréttanna verður náð. Hætti starfsmenn störfum fyrir þann tíma falla kaupréttarsamningar þeirra úr gildi. Þeim starfsmönnum sem enn verða við störf í lok árs 2025 er í sjálfsvald sett að nýta kaupréttina sína þá eða hvenær sem þeir vilja frá og með þeim tíma til ársloka 2027.

Sérfræðingar voru fengnir til að leggja mat á verðmæti kaupréttarsamninganna. Niðurstaða þeirra var að verðmæti kaupréttar hvers og eins starfsmanns væri 20.000 miðað við upphaf árs 2022 en 30.000 miðað við 31. mars 2022. Stjórnendur gerðu ekki athugasemdir við verðmatið.

Í lok árs 2022 höfðu tveir lykilstarfsmannanna látið af störfum hjá félaginu og þar með orðið af kaupréttum sínum. Stjórnendur félagsins reikna með því að tveir starfsmenn til viðbótar muni láta af störfum áður en ávinnslutímabilinu lýkur. Þetta mat stjórnenda í árslok, þ.e. að alls muni fjórir starfsmenn hætta störfum áður en ávinnslutímabili lýkur, er í samræmi við upphaflegt mat þeirra.

Árið 2023

Snemma árs 2023 létu þrír starfsmannanna af störfum. Ein af ástæðum þess var að markaðsverð bréfa í Z hf. hafði lækkað verulega og töldu starfsmennirnir ólíklegt að þeir myndu nýta sér kaupréttina. Þeir ákváðu því að stökkva til þegar samkeppnisaðili félagsins, Y hf., bauð þeim hvort tveggja frábær laun og miklu álitlegri kaupréttarsamning en Z hf. Stjórn Z hf. óttaðist að fleiri lykilstjórnendur myndu hætta störfum. Því var ákveðið að halda hluthafafund þann 1. júlí 2023 þar sem samþykkt var tillaga stjórnar um að lækka nýtingarverð á kaupréttum þeirra lykilstarfsmanna sem enn voru við störf. Kaupréttargengið var lækkað úr tíu í sex. Samkvæmt útreikningum verðmatssérfræðinga er virði kaupréttar hvers starfsmanns 25.000 eftir að nýtingarverðið hefur verið lækkað. Í lok árs 2023 er talið að allir þeir fimm lykilstjórnendur sem eftir eru hjá félaginu muni enn verða við störf í árslok 2025.

Árið 2024

Í tengslum við kjarasamningsviðræður á árinu 2024 kom fram hörð gagnrýni á skráð félög um að launakjör æðstu stjórnenda þeirra væru óhófleg. Spjótunum var sérstaklega

beint að kaupréttarsamningum, en lykilstjórnendur margra skráðra félaga höfðu þá nýlega hagnast mikið á nýtingu slíkra samninga. Á stjórnarfundum í nóvember lagði einn stjórnarmanna Z hf. til að skoðað yrði hvort mögulegt væri að ógilda kaupréttarsamningana til að bæta orðspor félagsins og sýna samfélagslega ábyrgð.

Úrlausnarefni:

- A. Svaraðu því með viðeigandi rökstuðningi hvenær ávinnslutímabil kaupréttanna hefst og við hvaða gangvirði eigi að miða við færslu þeirra í bókhald (ekki er beðið um útreikninga í þessum lið). (10 mín.)**
- B. Svaraðu því með viðeigandi rökstuðningi hvaða áhrif það hefur að lækka nýtingarverð kaupréttanna um mitt ár 2023 (ekki er beðið um útreikninga í þessum lið). (10 mín.)**
- C. Sýndu á forminu debit / kredit þær færslur sem Z hf. gerir í reikningsskilum sínum vegna kaupréttarsamninganna þegar kemur að gerð ársreikninga félagsins fyrir árin 2022 og 2023 (gerum ráð fyrir að félagið þurfi ekki að gera milliuppgjör þrátt fyrir að vera skráð á markað). Miðaðu við þær forsendur sem stjórnendur gáfu sér annars vegar í árslok 2022 og hins vegar í árslok 2023. Láttu viðeigandi fjárhæðir koma fram sem og á hvaða liði reikningsskilanna fært er. (20 mín.)**
- D. Svaraðu því með viðeigandi rökstuðningi hvaða áhrif það myndi hafa ef kaupréttarsamningarnir yrðu felldir niður á árinu 2024 (ekki er beðið um útreikninga í þessum lið). (10 mín.)**

Svarið í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 7 – 30 mín.

DJG verkfræðistofa ehf. er félag í endurskoðun í umsjón Öldu endurskoðanda (e. engagement leader). Allir eigendur verkfræðistofunnar eru starfandi hjá félaginu.

Stærsti kostnaðarliður félagsins er laun og tengd gjöld. Liðurinn hefur verið flokkaður sem venjuleg áhætta (e. normal risk of material misstatement) fyrir allar staðhæfingar. Laun eru bókuð í launakerfi sem bókast sjálfkrafa inn í fjárhagskerfið eftir hverja launakeyrlu. Heild launa er skoðuð með afstemmingu á milli kerfa. Alda hefur látið nægja að framkvæma greiningaraðgerð á launum til að endurskoða launin. Á síðustu árum hafa væntingar um laun ársins verið byggðar á fjárhæðum fyrra árs að teknu tilliti til fjölda ársverka, launahækkana og annarra breytinga sem vitað er um. Alda fær útreikning frá stjórnendum um fjölda ársverka í excel skjali en notar gildandi kjarasamninga fyrir væntingar um launahækkunar.

Mikilvægismörk (e. overall materiality) við endurskoðunina hafa verið skilgreind kr. 30 milljónir og skipulagsmörk (e. performance materiality) hafa verið skilgreind kr. 25 milljónir.

Úrlausnarefni:

- A. Farðu yfir endurskoðunarnálgun Öldu. Rökstyddu óbreytta nálgun eða komdu með tillögu um frekari aðgerðir eða breytingar.**
- B. Niðurstaða greiningaraðgerðanna leiddi í ljós að breyting launa er kr. 100 milljónir umfram væntingar sem skilgreindar höfðu verið. Hvaða áhrif hefur þetta á aðgerðir Öldu?**
- C. Ef komið hefði í ljós að stór hluti launa félagsins væri árangurstengdur og tilvist og nákvæmni launa yrði flokkuð sem lykiláhætta, hvaða áhrif myndi breytt áhættumat hafa á endurskoðunaraðgerðir Öldu?**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til

Svarið í word-svarskjali